

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
605 Akureyri

Reykjavík, 7. apríl 2021  
UST202103-261/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 – 2030- Vegtenging við Hrafnagilshverfi og ný efnistökusvæði í Eyjafjarðará**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030 vegna breytingar á vegtengingu þjóðveggar við Hrafnagilshverfi og efnistöku í Eyjafjarðará.

Í greinargerð kemur fram breytingin felst í því að gert verður ráð fyrir vegtengingu frá Eyjafjarðarbraut vestri inn í Hrafnagilshverfi á milli íbúðarsvæða ÍB5 og ÍB6. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir tveimur nýjum efnistökusvæðum í Eyjafjarðará, annað í landi Kropps (E33) þar sem gert er ráð fyrir að efnistaka verði að hámarki 45.000 m<sup>3</sup> og í landi Reykhúsa (E34) þar sem gert er ráð fyrir að efnistaka (sprengigrjót) verði að hámarki 15.000 m<sup>3</sup>.

#### **Stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósvatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verði staðfest 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni

ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar er Eyjafjarðará sem hefur vatnshlotanúmerið 102-1649-R.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur